



## Fundargerð hverfisráðs Reykjavírfis 16.03.2021

María Svanprúður setti fund kl 20.05 í Hrístateigi 4 og bauð velkomin til fundar þau Hilmar Kára, Guðrúnu Sæðisi, Rúnar og Sif. María stýrði fundi og ritaði fundargerð.

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar hverfisráðs sem haldinn var 21. janúar 2020 til undirbúnings íbúafundi sem haldinn var 28. janúar sama ár. Á íbúafundi var rituð fundargerð sem undirrituð er núna og send inn til sveitarfélagsins.
2. Erindi frá Skipulags- og framkvæmdaráði, dagsett 19. nóvember 2020 varðandi „Tillögur varðandi tilhögun sorphirðu 2021“. Þetta erindi var ekki talið tilefni til sérstaks fundar hverfisráðs á Covid-tímum enda lagt fram sem endanlegt plagg.
3. Erindi frá Skipulags- og byggingafultrúa Norðurbings varðandi beiðni um umsögn vegna malarefnistöku í landi Skóga 3, Reykjavírfi, dagsett 11. mars 2021. Málið rætt og lýsir hverfisráð skilningi á því að íbúar þurfi að nýta gæði eigin lands en hvetur til þess að farið sé eftir gildandi lögum og reglum og hvetur jafnframt til að gengið verði frá svæðinu líkt og umsækjandi lýsir í umsókn.
4. Orkuveita Húsavíkur og staða framkvæmda við endurnýjun lagna í Reykjavírfi. Hverfisráð hagnar þá frestun sem orðið hefur á framkvæmdum og vill hvetja til þess að leitað verði allra mögulegra leiða til að ljúka framkvæmdum. Þessar tafir valda íbúum tjóni og ófyrirséðum kostnaði sem ekki er verjandi og alls ekki þegar tafirnar eru á ábyrgð eins landeigenda.
5. Málefni Félagsheimilisins Heiðarbæjar. Fyrir fundi lá ódagsett fundargerð félagsheimilanevndar Heiðarbæjar sem haldinn var 12. janúar sl. Hverfisráð lýsir þungum áhyggjum yfir því að ekki sé búið að semja um rekstur á staðnum á komandi sumri. Hvatt er til þess að fundur hlutaðeigandi hagsmunaðila, þar með talið Garðræktarfélagið, Ungmennafélagsins og Kvenfélagsins verði haldinn sem fyrst, rekstur ferðaþjónustu þar í sumar verði tryggður nú þegar sem og til framtíðar.
6. Varðandi útboð á snjómokstri haustið 2020 og niðurstöður þess og þróun í þeim málaflokki. Hverfisráði bærust erindi í september 2020 vegna útboðsgagna fyrir snjómokstur í Reykjavírfi þar sem óskað var álits á þeim. Við þessi gögn voru gerðar athugasemdir, m.a. vegna heimreiða sem ekki voru taldar fram í útboðsgögnum. Það að allar leiðréttingar hverfisráðs á gögnunum voru virtar að vettugi telja nefndarmenn vera mikla vanvirðingu við þeirra störf og því miður alls ekki einsdæmi. Íbúar Reykjavírfis verða að teljast heppnir að ekki hefur verið mikil þörf fyrir snjómokstur fram til þessa, enda skilgreina útboðsgögnin þá sem annars flokks íbúa. Í því samhengi má nefna að skv. útboðsgögnum mega íbúar ekki óska eftir aukamokstri þó brýna nauðsyn beri til.
7. Hilmar Kári segir sig úr hverfisráði. Telur hverfisráð vera tilgangslausan vettvangur eins og staðið er að málum hjá Norðurbingi og viðmótið þar gagnvart hverfisráði telst fráleitt.
8. Önnur mál. Fundarmenn ræddu áfram tilgang hverfisráðs sem virðist hverfandi og marklaus. Fram kom að það var ákveðið að halda þennan fund án aðkomu sveitarstjóra þó að árið 2020 hafi komið fram ósk um að hann vissi af næsta fundi hverfisráðs til að geta rætt m.a. fundarskóp við fundarmenn.

Rím Ósh.  
Hilmar Kári Þorláksson  
Sif Jónsdóttir  
Þórunn Sæðis Hrafnadóttir

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl 22.20

María Svanprúður